

Alþingi
Erindi nr. P 135/2204
komudagur 11.4.2008

Ályktun til Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis.

Búnaðarsamband Skagfirðinga mótmæli harðlega að gerðar verði þær breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr 66/1998 sem fram koma í þingskjali 825 – “Frumvarp tii laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á I. kafla I. viðauka við EES samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.178/2002 frá 28.jan 2002 auk afleiddra gerða”.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fækka vaktsvæðum dýralækna úr 15 í 10 og ákveðin landssvæði þ.m.t. Skagafjörður verða án skipulagðra bakvakta dýralækna. Munu umræddar breytingar augljóslega leiða til skertrar þjónustu dýralækna ásamt því að auka kostnað búfjáreigenda.

Greinargerð:

Ef greiðslur fyrir bakvaktþjónustu dýralækna í Skagafirði verða lagðar af teljum við að erfitt verði að fá dýralækna til starfa við þau skilyrði.

Ljóst er að kostnaður notenda eykst verulega og engin trygging verður fyrir veittri þjónustu á öllum tímum sólarhrings eins og dýraeigendum er nauðsynleg.

Breytingarnar samræmast því ekki dýravernd og velferð þeirra er stefnt í voða.

Markmið breytinganna virðist fyrst og fremst vera tilflutningur fjár til óskilgreindra verkefna Matvælastofnunar.

Þau landsvæði þar sem fyrirhugað er að skipulögð vaktþjónusta falli niður eru öflugustu landbúnaðarhéruðin og munu fyrirætlanir þessar einungis veikja stöðu þeirra í stað þess að styrkja, sem þó hefur verið yfirlýst stefna stjórnvalda.

Því skorum við á háttvirta þingmenn, Sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar, ráðherra þeirra málefna og þingheim allan að sjá til þess að breytingar þessar nái ekki fram að ganga.

Viðingarfyllst

F.h. Búnaðarsambands Skagfirðinga
Ingibjörg Hafstað form.

Sent 11.04.08

Einnig sent: Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti
Til þingmanna Norðvesturkjördæmis